

Reglur nr. 550-2010

Reglur um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, nr. 550/2010

með síðari breytingum

1. gr. Almenn.

Alþjóðamálastofnun er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er við Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Félagsvísindasvið og Hugvísindasvið, en er vistuð á Félagsvísindasviði og er meðal annars vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála, [friðarmála]¹ og smáríkjarannsókna. [Innan stofnunarinnar starfa Rannsóknasetur um smáríki, Rannsóknasetur um norðurslóðir og HÖFÐI Friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, sbr. 3. gr.]¹ [Forseti Félagsvísindasviðs undibýr samstarfssamninga um stofnunina við aðila utan Háskóla Íslands, sem rektor staðfestir.]¹

[...]¹

¹Breytt með 1. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

2. gr. Hlutverk.

Hlutverk Alþjóðamálastofnunar er:

- a. að vinna að rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda aðila,
- b. að auka samstarf milli fræðimanna, atvinnulífs, [frjálsra félagasamtaka]¹ og opinberra aðila á sviði alþjóðamála og vera meðal annars leiðandi í rannsóknum á smáríkjum,
- c. að treysta samvinnu milli samstarfsaðila í þágu þverfaglegra rannsókna og efla skilning á mikilvægi þeirra í almennri þjóðfélagsumræðu,
- d. að gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, fyrirlestrum og námskeiðum um efni sem varða starfssvið stofnunarinnar,
- e. að vinna að útgáfu rita um alþjóðamál og
- f. að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila.

¹Breytt með 2. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

3. gr. Skipulag.

[Rannsóknasetur um smáríki, Rannsóknasetur um norðurslóðir og HÖFÐI Friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands eru faglega sjálfstæðar einingar sem starfa innan Alþjóðamálastofnunar.]¹

Stjórn Alþjóðamálastofnunar getur, að fengnu samþykki stjórna Félagsvísindasviðs og Hugvísindasviðs, ákveðið að setja á fót önnur rannsóknasetur á grundvelli verkefna stofnunarinnar, þar á meðal langtíma þjónustuverkefna, og að forstöðumaður sé ráðinn fyrir hverju setri. Ef forstöðumaður er ráðinn til seturs er hann ábyrgur gagnvart stjórn stofnunarinnar í starfi sínu og annast daglegan rekstur í umboði hennar. Forstöðumaður hefur [umsjón og]¹ eftirlit með starfsmönnum setursins og fjármálum auk þess að gera rekstraráætlanir og stýra rannsóknarverkefnum. Stjórn Alþjóðamálastofnunar setur rannsóknasetrum starfsreglur.

¹Breytt með 3. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

4. gr. Aðstaða.

Félagsvísindasvið lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfslíði sínu skv. [8]¹ gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

¹Breytt með 4. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

5. gr. Stjórn.

Forseti Félagsvísindasviðs, að höfðu samráði við forseta Hugvísindasviðs, skipar stofnuninni sjö manna stjórn til þriggja ára í senn. [Stjórn Félagsvísindasviðs tilnefnir þrjá stjórnarmenn og stjórn Hugvísindasviðs tvo.]¹ [Forseti Félagsvísindasviðs, að höfðu samráði við forseta Hugvísindasviðs, skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar, m.a. frá samstarfsaðilum stofnunarinnar sem samningar hafa verið gerðir við, sbr. 1. gr.]¹ Í stjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í því skyni skal þess farið á leit við tilnefningaraðila að þeir tilnefni hverju sinni bæði karl og konu til setu í nefndinni. [Stjórnin kýs sér formann úr hópi fulltrúa Háskóla Íslands.]¹

Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ef ekki er ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar, annast daglegan rekstur hennar og framkvæmd á ákvörðunum stjórnar.

¹Breytt með 5. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

6. gr. Ráðgjafarnefnd.

[Félagsvísindasvið og Hugvísindasvið]¹ skipa ellefu manna ráðgjafarnefnd samkvæmt tilnefningu stjórnar Alþjóðamálastofnunar. Ráðgjafarnefndin veitir stjórn ráðgjöf í starfi og stefnumótun stofnunarinnar.

¹Breytt með 6. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

[...]¹

¹Breytt með 7. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

[7.]¹ gr. Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar eða forstöðumaður boða stjórnarfundi bréflaga, eða í tölvupósti, með viku fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrár fundar. Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send samstarfsaðilum sem aðild eiga að stjórn. Ef forstöðumaður er ráðinn til stofnunarinnar situr hann stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti, en án atkvæðisréttar.

¹Breytt með 7. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

[8.]¹ gr. Verkefni stjórnar.

Stjórn Alþjóðamálastofnunar tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina, setur henni rannsóknarstefnu og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna. Þá ber stjórnin ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart forseta Félagsvísindasviðs og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin getur skipað starfshópa til að vinna að framgangi tiltekinna mála til lengri eða skemmri tíma. Sérstaka áherslu skal leggja á að fá einstaklinga utan stjórnar í starfshópum einkum erlenda fræðimenn og aðra sem aðild eiga að stofnuninni. Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórn efnir til ársfundar. Ársfund skal að jafnaði halda á fyrsta ársfjórðungi, og leggja þar fram ársskýrslu, fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsyfirlit síðasta árs. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi stofnunarinnar og um rannsóknastefnu. [...]²

¹Breytt með 7. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

²Breytt með 8. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

[9.]¹ gr. Forstöðumaður og starfslíð.

Forseti Félagsvísindasviðs, að höfðu samráði við forseta Hugvísindasviðs, ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar Alþjóðamálastofnunar.

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum. Forstöðumaður skal hafa doktorspróf eða meistaraþróf, hið minnsta, á sviðum sem tengjast starfi stofnunarinnar.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Ef um er að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

¹Breytt með 7. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

[10.]¹ gr. Fjármál.

Tekjur Alþjóðamálastofnunar eru eftirfarandi:

- a. Fjárveitingar samkvæmt ákvörðun háskólaráðs,
- b. fjárveitingar samkvæmt ákvörðun [Félagsvísindasviðs og Hugvísindasviðs,]²
- c. framlag frá samstarfsaðilum stofnunarinnar samkvæmt sérstökum samstarfssamningi,
- d. styrkir til einstakra verkefna,
- e. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- f. tekjur af útgáfustarfsemi,
- g. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal lögð fyrir forseta Félagsvísindasviðs til samþykktar.

Stjórn stofnunarinnar ákveður stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum stofnunarinnar í samræmi við gildandi reglur háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

¹Breytt með 7. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

²Breytt með 9. gr. rgl. nr. [355/2017](#).

12. gr. Gildistaka.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að fenginni tillögu stjórna Félagsvísindasviðs og Hugvísindasviðs og á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, öðlast þegar gildi.

Með gildistöku reglna þessara falla úr gildi reglur nr. 501/2002, um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.

Háskóla Íslands, 15. júní 2010.